


Fundargerð	<b>Menntaskólinn við Hamrahlíð</b>	
Útgáfa: 1.0		
Dags.: 18.11.2019		
Höfundur: SJ		
Sampykkt: SJ		
Síða 1-	<b>Fundargerð</b>	

**Tegund fundar:** Skólanefndarfundur

**Fundarritari:** Helga Jóhannsdóttir

**Dagsetning:** 22.11.2023

**Fundarstjóri:** Steinn Jóhannsson

**Tími:** kl. 16:30 – 17:40

**Mætt:** Fundinn sátu: Dóra Björt Guðjónsdóttir ( varamaður Margrétar), Aðalsteinn Haukur Sverrisson (Formaður skólanefndar), Gylfi Guðmundsson (foreldrafélagi), Rúna Guðmundsdóttir. Jórunn Haraldsdóttir, Ásdís Þórólfsdóttir ( nýr fulltrúi kennara)

**Tílefni:** Fundur nr. 4 2023

**Forföll** Eyþór Laxdal Arnalds , Margrét M. Norðdahl, Einar Örn Ævarsson, Magnea Gná Jóhannsdóttir

#### Dagskrá:

##### 1. Í hvaða nám fara MH-ingar í háskóla?

Steinn fór yfir glærur þar sem hann kynnti hvert nemendur MH eru að fara að loknu námi í MH. Gögnin voru frá HÍ, HR, LHÍ og HA.

##### 2. Staða rekstraráætlunar fyrir 2024

Búið er að skila inn fyrstu áætlun að rekstraráætlun fyrir næsta ár. Skólinn stefnir í halla og þarf að herða sultarólina. Umræða um aðsókn nemenda í MH og í hvaða sveiflu við séum og þá þarf að snúa vörn í sókn.

##### 3. Þróun námsbrauta og mögulegar breytingar

Næsta haust stefnum við á að byrja með afreksípróttasvið innan brautanna hjá okkur sem rúmast í vali nemenda og líkamsræktareininga ( mest 25 einingar). Styrkleiki þar sem við erum ekki bekkjakerfi.

Einnig stefnum við að því að nemendur skólans þurfi að velja kynjafræði og/eða umhverfisfræði. Umræða í gangi til að finna skipulag sem hentar best og eitthvað þarf að fara út á móti. Stefnum einnig á að auka sérhæfingu á málbraut – styrkja tungumálin. Frá og með hausti 2024 verður innritað á brautir með breyttu fyrirkomulagi.

##### 4. Önnur mál

- Ráðningartímabili konrektors lýkur 1. janúar og þarf að auglýsa fyrir næsta tímabil. Helga mun sækjast eftir því að vera áfram.
- Mötuneyti nemenda verður tilbúið í janúar.
- Förum í úttekt fyrir 5.græna skrefið 8. des.
- Spurt var um kynningarvinnu til að fá fleiri nemendur? Eru tækifæri til að laða að fleiri nemendur?
- Spurt um sameiningarmál – en ekkert hefur heyrst í þeim efnum.

Veitingar: Kleinuhringir, vefjur og vínber

Næsti fundur miðvikudaginn 13.mars 2024

*Við viljum benda fundarfólki á að Strætó númer:13 stoppar í Hamrahlíð, 1-3-6 stoppar við Miklabraut/Hlíðar, 1-4 stoppar við Kringlumýrarbraut, 2 – 14 við Borgarleikhúsið, 57 við Kringlumýrarbraut/Miklabraut/Hlíðar, 18 Bústaðaveg*